

Mánudaginn 30. nóvember 1936.

Nr. 48/1935. Högni Gunnarsson og Bjarni Fannberg, f. h. firmans Gunnarsson & Fannberg

gegn

Alþýðusambandi Íslands.

Dómur hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir réttinn í dag, var þess óskað af hálfu áfrýjenda að málið væri hafið. Af hálfu stefnda var mætt og krafist ómaksbóta, en því var mótmælt af hálfu áfrýjenda. Þar eð líta verður svo á, að áfrýjendur hafi í upphafi haft ástæðu til þess að áfrýja málinu sökum þess, að áður hafði ekki verið fengin úrlausn þessa réttar um samskonar eða hliðstæð efni og með því að áfrýjendur hafa nú hafið málið þegar eftir að dómur var genginn í málinu nr. 47/1935, þá þykir ekki ástæða til að dæma stefnda ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið og fellur málskostnaður niður.
